



27. ágúst 2021

## Evrópsk samgönguvika.

Frá árinu 2002 hafa borgir og bæir á Íslandi tekið þátt í samstilltu átaki sveitarfélaga í Evrópu um að ýta undir sjálfbærar samgöngur. Yfirskrift átaksins er Evrópsk Samgönguvika og er hún haldin 16. – 22. september ár hvert. Markmið vikunnar er að kynna íbúum í þéttbýli samgöngumáta sem allt í senn eru vistvænir, hagkvæmir og bæta heilsu fólks um leið og þeir hafa jákvæð áhrif á umhverfi og andrúmsloft. Frekari upplýsingar um Evrópska samgönguviku á Íslandi má finna á Facebook-síðu vikunnar

<https://www.facebook.com/samgonguvika> . Nánar má lesa um átakið á [www.mobilityweek.eu](http://www.mobilityweek.eu). Flest sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið þátt í samgönguviku undanfarin ár en einnig nokkur sveitarfélög á landsbyggðinni.

## Landssamtök hjólreiðamanna vilja hvetja sveitarfélög með þéttbýli á landsbyggðinni að taka þátt í samgönguviku.


Í flestum þéttbýlum á landsbyggðinni eru fjarlægðir mjög stuttar og ætti að vera auðvelt og þægilegt að ganga og hjóla milli áfangastaða innan þéttbýla. Það er til mikils að vinna því hver km sem er gengin eða hjólaður mengar ekki og bætir heilsuna.<sup>1</sup> Á stuttum vegalengdum í köldu starti eyða bílar líka mestu eldsneyti og menga mest. Ábyrgð okkar sem borgara og stjórnámálamanna er mikil að draga úr mengun og losun koltvísýrings og stuðla að betri lýðheilsu með almennri hreyfingu.

Ferðavenjur allra landsmanna voru mældar í ferðavenjukönnun haustið 2019.<sup>2</sup> Að könnuninni stóðu samgönguráð og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Könnunin var sú fimmta á höfuðborgarsvæðinu, en sú fyrsta sinnar tegundar utan þess. Athygli vekur að ferðavenjur höfuðborgarbúa og þeirra sem búa á landsbyggðinni eru merkilega líkar, eins og sjá má á mynd að neðan.

---


<sup>1</sup> Guðmundur H. Sigurðsson. Skipulagðar samgönguvenjur. Kjarninn 23.08.2021. <https://kjarninn.is/skodun/skipulagdar-samgonguvenjur>

<sup>2</sup> Grænbók um samgöngumál. Á samráðsgátt stjórnvalda 16.08.2021. [https://samradsgatt.island.is/Skrar/\\$Cases/GetCaseFile/?id=%7bef334ec5-65de-eb11-9ba4-005056bcce7e%7d](https://samradsgatt.island.is/Skrar/$Cases/GetCaseFile/?id=%7bef334ec5-65de-eb11-9ba4-005056bcce7e%7d)



**Mynd 13: Samanburður á ferðavenjum á höfuðborgarsvæðinu og utan þess 2019, heimild: Ferðavenjukönnun 2019.**

Hlutfall virkra ferðamáta, göngu og hjólreiða, er nokkuð breytilegt milli landshluta eins og sjá má á mynd að neðan.



**Mynd 14: Hlutfall virkra samgöngumáta í ferðavenjum 2019, heimild: Ferðavenjukönnun 2019.**

Þó ekki sé langur tími til stefnu fyrir samgönguviku þessa árs geta sveitarfélög gert ýmislegt sem skiptir verulegu máli. Það má t.d. stinga upp á eftirfarandi verkefnum:

1. Að sveitarfélagið skrái sig til þátttöku í samgönguviku og hefji undirbúning fyrir þetta ár og næstu ár.
2. Að sveitarfélagið hefji vinnu við gerð hjóla- og gönguáætlunar.
3. Að sveitarfélagið kanni ferðavenjur meðal íbúa, því það er mikilvægt að vita núverandi ástand.
4. Að sveitarfélagið kanni ferðavenjur grunnskólabarna í skólann.
5. Að sveitarfélagið og skólarnir hugi að göngu og hjólreiðum barna í skólann.
6. Að sveitarfélagið og skólayfirvöld hugi að göngu og hjólreiðum í skólastarfinu.

7. Að sveitarfélagið standi fyrir viðburði í sveitarfélaginu og/eða grunnskólanum í tilefni af samgönguviku.
8. Að sveitarfélagið hugi að vetrarþjónustu fyrir stíga.
9. Að sveitarfélagið láti lagfæra stíga og gangstéttakanta ef þörf er á.
10. Að sveitarfélagið láti gera kort sem sýni fjarlægðir í þéttbýlum.<sup>3</sup>
11. Að sveitarfélagið hefji undirbúning að vinnu við lagningu hjóla- og göngustíga innan þéttbýlisins og til að tengja saman nálæg þéttbýl, t.d. í samvinnu við Vegagerðina.
12. Að sveitarfélagið hugi að upptöku á samgöngugreiðslum á vinnustöðum sveitarfélagsins.<sup>4</sup>

Virðingarfyllst  
f.h. stjórnar LHM



Árni Davíðsson  
formaður

---

## Um Landssamtök hjólréiðamanna

Landssamtök hjólréiðamanna (LHM) eru hagsmunasamtök sem hafa að markmiði m.a. að efla hjólréiðar á Íslandi sem heilsusamlegan lífsmáta og sem samgöngumáta. Öll helstu hjólréiðafélög landsins eiga aðild að LHM. Samtökin eru þó ekki aðeins málsvari félagsmanna hinna ýmsu hjólréiðafélaga sem telja yfir 2000 manns heldur eru þau jafnframt málsvari allra sem hjóla á Íslandi. LHM er aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólréiðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu. Aðildarfélag ECF er að finna í flest öllum löndum Evrópu. LHM hlaut samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar 2012 fyrir virka þátttöku og áhrif í að efla hjólréiðar á Íslandi.

---

<sup>3</sup> Sjá t.d. hér: <https://hjolafaerni.is/samgonguhjolreidar/korterskort>

<sup>4</sup> Sjá t.d. hér: <https://www.lhm.is/lhm/skjol/879-samgongusamningar> og <https://www.skatturinn.is/einstaklingar/tekjur-og-fradraettir/skattmat/#samgongugreidslur>